# Iðnskólinn á Akureyri

Afhending 2021/16

Iðnskólinn á Akureyri hóf starfsemi sína sem 20. nóvember 1905 í húsi Barnaskólans. Skólinn var kvöldskóli fyrstu 50 árin, eða til 1955. Skólinn var stofnaður og rekinn af Iðnaðarmannafélagi Akureyrar.

Fyrsti skólastjóri skólans var Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Árið 1921 fékk Iðnskólinn inni í húsi Menntaskólans á Akureyri þar sem hann fékk að vera til 1927, þegar skólinn flutti í eigið húsnæði í Lundargötu 12. Þar var hann til 1943 en þá flutti skólinn í nýtt hús Gagnfræðaskólans þar sem hann fékk að vera til ársins 1957. Þá fluttist skólinn enn einu sinni og fékk inni í húsi Húsmæðraskólans þar sem hann var til ársins 1969.

Bygging nýs húss fyrir skólann hófst árið 1965 eftir töluverðar tafir og var vígt árið 1975.

Árið 1984 voru framhaldsdeild Gagnfræðaskólans, Iðnskólinn og Hússtjórnarskólinn sameinaðir í einn, Verkmenntaskólann á Akureyri. Iðnskólanum var slitið í síðasta sinn 31. maí 1984 og brautskráðust þá 80 nemendur.

Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara en fleiri gögn frá skólanum er að finna í gögnum Iðnaðarmannafélags Akureyrar.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
20. apríl 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|

## A-Iðnskólinn á Akureyri

### A-Iðnskólinn á Akureyri 1981 - 1984

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| A | 1 | 1 | 1982 - 1984 | Einkunnablöð - Tækniskóladeild |
| A | 1 | 2 | 1981 - 1984 | Einkunnablöð A-H |
| A | 1 | 3 | 1981 - 1984 | Einkunnablöð I-Þ |
| A | 2 | 1 | 1982 - 1983 | Einkunnablöð - Tækniskóladeild |
| A | 2 | 2 | 1982 - 1983 | Einkunnablöð - Tækniskóladeild |
| A | 2 | 3 | 1981 - 1984 | Einkunnablöð - Vélskóladeild |